



SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS

LOFTSLAGSSTEFNA

2022



Sigurður H. Helgason
Forstjóri



OKKAR MARKMIÐ

Sjúkratryggingar stefna að því að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum, með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni. Sjúkratryggingar vilja leggja sitt af mörkum til að markmiðum stjórnvalda, í tengslum við Parísarsamkomulagið, sé náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar. Fram til 2030 munu Sjúkratryggingar draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um samtals 40% miðað við árið 2017.

Stefnan nær til allrar starfsemi Sjúkratrygginga þ.e. reksturs, samgangna, orkunotkunar, úrgangsmýndunar, umhverfisfræðslu og endurnýtingar hjálpartækja. Í töflu 1 hér fyrir neðan má finna skrefin sem Sjúkratryggingar ætla að taka til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Skref til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum

Ferðir starfsmanna til og frá vinnu

Mælikvarðar

Hlutfall starfsmanna sem nýtir umhverfisvænar samgöngur

Aðgerðir

Virk fjarvinnustefna.
Samgöngusamningar.
Góð hjólaaðstaða

Prentþjónusta og pappír

Magn pappírs

Áhersla á rafræn samskipti.
Pappírslaus vinnustaður.
Umhverfisvottaður pappír og prentun

Ræsting og hreinsiefni

Hlutfall umhverfisvottaðra ræstivara

Áhersla á umhverfisvottaðar vörur í innkaupum

Úrgangur

Losun gróðurhúsalofttegunda frá úrgangi (almennu sorpi og lífrænu.) Endurvinnsluhlutfall

Fræðsla.
Nákvæm flokkun.

Samgöngur á vegum Sí

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna (Fjöldi flugferða og notkun leigubíla).

Eingöngu beðið um vistvæna leigubíla. Fjarfundir eru fyrsta val.
Kolefnisjafnaðar flugferðir

Rafmagn og vatnsnotkun

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna vatns- og rafmagnsnotkunar.

Orkustýring.
Fræðsla.

Kaffistofur og mötuneyti

Matarsóun. Hlutfall keyptra grænmetismáltíða.
Hlutfall umhverfisvottaðra matvæla

Skráning í mat.
Val um grænmetisrétti.
Boðið upp á lífrænt vottuð matvæli.

Endurnýting hjálpartækja

Hlutfall hjálpartækja sem eru endurnýtt

Gera upp hjálpartæki til endurnýtingar

Tafla 1: Skref til að draga úr kolefnislosun

Loftslagsstefna Sjúkratrygginga er rýnd á hverju ári af stýrihópi grænna skrefa og markmið uppfærð með tilliti til þróunar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda á milli ára. Grænu bókhaldi er skilað árlega til Umhverfisstofnunar og haft til hliðsjónar við mat á árangri. Tekið er tillit til stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Stefnan er samþykkt af framkvæmdastjórn Sjúkratrygginga

og upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað á heimasíðu Sjúkratrygginga, www.sjukra.is. Sjúkratryggingar munu fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2021.

VEFSÍÐA

www.sjukra.is

HEIMILISFANG

Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
Ísland

SÍMI

+354 515 0000

